



© Jónína Guðrún Óskarsdóttir

# Laga- og reglugerðaskrá

Útgáfa handbókar 004 2020

Lína Björg Tryggvadóttir  
María Maack

6/5/20

Umhverfisstofnun Vestfirja

<b>Handbók umhverfisstjórnunar, breytinga- og staðfestingarblað fyrir:</b>		<b><u>Laga- og reglugerðaskrá</u></b>	
<b>Nafn stofnunar: Vestfjarðastofa og NAVE fyrir hönd vestfirskra sveitarfélaga v/EarthCheck</b>			
<b>Starfsstöð: Vestfirðir</b>			
<b>Aðalábyrgðaraðili skrárinnar: Lína Björg Tryggvadóttir</b>			
<b>Tengist skjölum nr.: VERKLAGLÖG001</b>			
<b>Skjal</b>	<b>Útgáfudagsetning</b>	<b>Samþykkt af</b>	<b>Lýsing síðustu breytingar</b>
LRGL001	20.09.2016	Lína Björg	1. útgáfa
LRGL002	9.08.2017	Lína Björg	2. útgáfa
LRGL003	16.01.2019	María Maack	3. útgáfa Lagasafn.148c.
LRGL004	05.06.2020	María Maack	4. útgáfa Lagasafn 150a

<b>Laga- og reglugerðaskrá</b>	
<b>Nafn stofnunar:</b>	<b>Vestfjarðastofa og NAVE v/EarthCheck</b>
<b>Starfsstöð:</b>	Vestfirðir
<b>Aðalábyrgðaraðili:</b>	Lína Björg Tryggvadóttir /María Maack
<b>Tengist skjölum nr.:</b>	VERKLAGLÖG001

<b>Efnisyfirlit</b>	
1. hluti: Inngangur .....	3
2. hluti: Ábyrgð .....	3
3. hluti: Losun gróðurhúsalofttegunda .....	4
4. hluti: Orkunýting, orkusparnaður og orkustjórnun.....	8
5. hluti: Stjórnun ferskvatnsauðlinda .....	13
6. hluti: Verndun og stjórnun vistkerfa .....	19
8. Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar .....	27
9. Skipulag og þróun svæða undir ferðaþjónustu .....	28
10. Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu .....	29
11. Verndun loftgæða og stjórnun hávaða.....	30
12. Lög um mat á umhverfisáhrifum .....	40
13. Stjórnun fráveitumála og ofanvatns .....	41
14. Lágörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnsla.....	49
15. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda .....	55
16. Verndun menningarminja .....	56
17. Viðmið EarthCheck.....	60
23. Tafla yfir lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli .....	62
24. Lagaskrá.....	64

## Laga- og reglugerðaskrá

### 1. hluti: Inngangur

Þetta skjal, laga- og reglugerðaskrá, er hluti af umhverfisstjórnunarkerfi Vestfjarðastofu og NAVE. Tilgangur skjalsins er að tilgreina öll lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli sem tengjast einhverjum eða öllum verkefnum og/eða verkferlum Vestfjarðastofu sem hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og tengjast umhverfsvottun Vestfjarða, eða geta haft slík áhrif sé þeim ekki stjórnað nægjanlega.

Skrá þessi skal uppfærð reglulega skv. verklagsreglu VERKLAGLÖG001 til að tryggja að Vestfjarðastofa og NAVE uppfylli það meginmarkmið í sjálfbærnistefnu sinni að taka tillit til allra viðeigandi laga, reglugerða, sáttmála og annarra fyrirmæla sem tengjast starfsemi þess – og til að tryggja að fjórðungssambandið bæti stöðugt frammistöðu sína í málefnum sjálfbærrar þróunar.

### 2. hluti: Ábyrgð

Vestfjarðastofa og NAVE ber ábyrgð á að þessari skrá sé viðhaldið. Þær eru sendar öllum sveitarstjórum til að hafa til hliðsjónar. Þeim sem framkvæmdaaðila sveitarfélagsins ber að fylgja öllum viðeigandi lögum, reglugerðum, sáttmálum og öðrum fyrirmælum sem tengjast starfsemi innan Fjórðungssambandsins í tengslum við umhverfsvottun Vestfjarða.

Starfsmenn Vestfjarðastofu, Lína Björg Tryggvadóttir og María Maack, bera ábyrgð á að uppfæra þessa skrá, gera breytingar á henni í samræmi við það og upplýsa starfsmenn aðildarsveitarfélaganna um þær breytingar sem þá varða. Um uppfærslu og breytingar gildir verklagsreglurnar VERKLAGLÖG001.

Tilgreindur tengiliður í hverju sveitarfélagi um sig ber ábyrgð á að tilkynna starfsmanni Vestfjarðastofu um hverja þá breytingu á verklagi, verkferlum eða efnum, sem haft geta áhrif á hlýðni sveitarfélaganna við lög, reglugerðir og önnur stjórnvaldsfyrirmæli í tengslum við umhverfsvottun Vestfjarða

Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu ber ábyrgð á að öll skilyrði séu til staðar til að unnt sé að leysa ofangreind verk af hendi.

### 3. hluti: Losun gróðurhúsalofttegunda

#### 3.1 Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál

#### 3.2 Lög um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 3.3 Lög um breytingu á lögum um loftslagsmál:

- [l. 126/2016](#) (tóku gildi 1. jan. 2017
- nema 1., 2., c-liður 8., 9., 18., r-liður 19., 20., 22.–24., 28., 29., 41., 58., 60. og 61. gr. sem tóku gildi 31. des. 2016,
- s-liður 19. gr. sem tók gildi 1. apríl 2017 og 10. gr. sem tók gildi 1. sept. 2017;
- komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 62. gr.), [l. 45/2017](#) (tóku gildi 17. júní 2017; koma til framkvæmda skv. fyrirmælum í 5. gr.; *EES-samningurinn*: XIII. og XX. viðauki reglugerð 2015/757),
- [l. 96/2017](#) (tóku gildi 31. des. 2017 nema 1., 11., 13., 14., 17.–27., 31.–35. og 38.–46. gr. sem tóku gildi jan. 2018;
- komu til framkvæmda skv. fyrirmælum í 49. gr.) og [l. 14/2018](#) (tóku gildi 21. mars 2018).
- Breytingar á gjaldskrá bifreiða 24. des 2019 og 1. Jan 2020

#### 4.4 Breyting á reglugerð um verslun með flúoreruð gróðurhúsalofttegundir

- Bent er á að verslun með þessar lofttegundir skuli einungis vera í höndum þjálfaðra og vottaðra söluaðila.

### 3. Lög sem varða losun gróðurhúsalofttegunda

#### 3.1 Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál sjá 150. Löggjafarþing Þingskjal 1080 — 374. mál.

##### 3.1.1 Lýsing

Lögin um loftslagsmál voru samþykkt af Alþingi 19. júní 2012 og tóku gildi 3. júlí sama ár. Markmið laganna eru að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með hagkvæmum og skilvirkum hætti, auka bindingu kolefnis úr andrúmslofti, stuðla að aðlögun að afleiðingum loftslagsbreytinga, og skapa skilyrði fyrir stjórnvöld til þess að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands í loftslagsmálum. Lögin gilda um hvers konar starfsemi og athafnir á landi, í lofthelgi og efnahagslögsögu Íslands sem haft geta áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda.

Sveitarstjórnir hafa ekki tilgreindar skyldur hvað varðar losun gróðurhúsalofttegunda, hvorki samkvæmt þessum lögum né öðrum lögum.

Breyting var samþykkt í mars 2020 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkurammann fram til ársins 2030.

##### 3.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum

- Þar sem umhverfissvottunin spyr nú um aðgerðir til að binda kolefni geta sveitarfélög tekið þátt í verkefninu og gefið skýrslu um vinnu sína við bindingu kolefnis.

##### 3.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Uppfylling skurða, skógrækt, eldsneytis- og sorpmál

### **3.2 og 3.3. Lög um breytingu á lögum um loftslagsmál nr.70/2012**

Gildistaka var færð og samhæfð. Því eru þessar breytingar taldar upp saman.

Samþykkt á Alþingi 31. maí 2017.

Verið er að bæta inn kafla V-VII varðandi **Vöktun og skýrslugerð um losun koldíoxíðs og annarra gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum, iðnaði og flugi.**

Sveitarstjórnir hafa ekki tilgreindar skyldur hvað varðar losun koldíoxíðs hvorki samkvæmt þessum lögum né öðrum lögum.

#### **3.2.1 Mikilvægi fyrir starfsemi vestfirskra sveitarfélaga**

- Engin bein tengsl ef þau reka hvorki né eiga skip, flugvélar eða iðnver

#### **3.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla**

- Engin bein tengsl nema þar sem slíkar lofttegundir gætu lekið út vegna úrgangsmála (lífrænt efni, tæki með kælivökvum ofl.)

**Sérstök ákvæði eru um verslun með útblásturskvóta**

-

### **3.4 Lög um breytingu á lögum um loftslagsmál nr.70/2012**

#### **Sérstök ákvæði um verslun með útblásturskvóta**

Sveitarstjórnir hafa ekki tilgreindar skyldur hvað varðar losun koldíoxíðs hvorki samkvæmt þessum lögum né öðrum lögum. Þess ber þó að geta að tölur um notkun olíu stórra skipa (skemmtiferðaskipa) sem koma við í íslenskum höfnum verður að skila fyrst eigi síðar en 30.apríl 2019 og þá frá skipaútgörðum til umhverfisstofnunar.

Í umhverfissvottun Vestfjarða er þó litið til orkuframleiðslu á Vestfjörðum á vegum OV. Æskilegt er að sveitarfélög hvetji fyrirtækið til dáða við að draga úr h

#### **3.4.1 Mikilvægi fyrir starfsemi vestfirskra sveitarfélaga**

- Engin bein tengsl ef þau reka ekki orkuver, skip, flugvélar eða iðnver

#### **3.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla**

- Engin bein tengsl.



## 4. hluti: Orkunýting, orkusparnaður og orkustjórnun

4.1 Raforkulög nr. 65/2003

4.2 Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaáætlun

4.3 Lög um breytingar við lög nr. 65/2003 Raforkulög

Breytingin varðar Landsnet. Eftir breytingu ber Landsneti að setja fram 5 ára áætlun um strengi og flutningskerfi, hafa samráð við sveitarfélög og fá samþykki við áætlunina frá Orkustofnun. Einnig ber sveitarfélögum að samræma eigið skipulag við þessa áætlun innan 4 ára.

4.4. Lög um breytingar á lögum no. 65/2003 um leyfisveitingar Orkustofnunar á strandsvæðum

4.5 **Lög nr.75/2004 Lög um stofnun Landsnets sjá breytingu hér fyrir ofan númer 4.3**

## 4. Lög sem varða orkunýtingu, orkusparnað og orkustjórnun

### 4.1 Raforkulög nr. 65/2003

#### 4.1.1 Lýsing

Raforkulögin voru samþykkt á Alþingi 27. mars 2003. Lögin tóku gildi 7. apríl 2003 en komu til framkvæmda 1. júlí sama ár. Markmið laganna er að stuðla að þjóðhagslega hagkvæmu raforkukerfi og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu. Í því skyni skal m.a.:

- Stuðla að skilvirkni og hagkvæmni í flutningi og dreifingu raforku
  - Stuðla að nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og taka tillit til umhverfissjónarmiða að öðru leyti
- Lögin taka til vinnslu, flutnings, dreifingar og viðskipta með raforku á íslensku forráðasvæði án tillits til orkugjafa.

Samkvæmt 5. grein laganna getur ráðherra sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins og nýtingu endurnýjanlegra orkulinda. Enn fremur má setja skilyrði er lúta að umhverfisvernd, landnýtingu og tæknilegri og fjárhagslegri getu virkjunarleyfishafa.

#### 4.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélagana á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 4.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 4. Lög sem varða orkunýtingu, orkusparnað og orkustjórnun

### 4.2 Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun

#### 4.2.1 Lýsing

Lög nr. 48/2011 voru samþykkt á Alþingi 16. maí 2011 og tóku að fullu gildi 14. janúar 2013. Markmið laganna er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Lögin ná til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.

Samkvæmt 3. grein laganna leggur umhverfisráðherra í samráði og samvinnu við þann ráðherra er fer með orkumál eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða.

Samkvæmt 7. grein laganna er verndar- og orkunýtingaráætlun bindandi við gerð skipulagsáætlana og skulu sveitarstjórnir samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir verndar- og orkunýtingaráætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, þó með tilteknum heimildum til frestunar.

#### 4.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélagana á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl við starfsemi vestfirskra sveitarfélaga en er bindandi við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga

#### 4.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

Tengsl við aðalskipulagsgerð

## 4. Lög sem varða orkunýtingu, orkusparnað og orkustjórnun

### 4.3 Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun

#### 4.3.1 Lýsing

Lög nr. 48/2011 voru samþykkt á Alþingi 16. maí 2011 og tóku að fullu gildi 14. janúar 2013. Markmið laganna er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Löggin ná til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna.

#### 4.3.2 Mikilvægi fyrir starfsemi Fjórðungssambands Vestfirðinga

Breytingin: Nánari útfærsla mannvirkja vegna uppbyggingar flutningskerfisins, svo sem hvort um er að ræða raflínu í jörð eða loftlínu, ræðst af stefnu stjórnvalda um lagningu raflína [og um uppbyggingu flutningskerfis raforku]. 1)

Engin bein tengsl við starfsemi vestfirskra sveitarfélaga en þetta er bindandi við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga

#### 4.3.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl en ber að skoða í samræmi við hugmyndir um notkun raforku í stað olíu t.d. fyrir hleðslustöðvar rafbíla.

## 4. Lög sem varða orkunýtingu, orkusparnað og orkustjórnun

### 4.4 Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun

#### 4.4.1 Lýsing

Lög nr. 48/2011 voru samþykkt á Alþingi 16. maí 2011 og tóku að fullu gildi 14. janúar 2013. Markmið laganna er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Löggin ná til landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti til orkuvinnslu, jafnt innan eignarlanda sem þjóðlendna. Til Orkustofnunar er sótt um leyfi til að nýta tilteknar auðlindir, svo sem á hafsbotni eða á landi.

#### 4.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélagana á Vestfjörðum

Breytingin:

Engin bein tengsl við starfsemi vestfirskra sveitarfélaga en þetta er bindandi við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga. Nýtt ákvæði segir að Orkustofnun skuli taka tillit til skipulags strandsvæða ef tillagan hefur verið auglýst þegar umsókn er send inn. Þó eigi lengur en í 7 mánuði.

#### 4.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl en ber að skoða í samræmi við hugmyndir um svæðisskipulag og mengun í sjó t.d..
- 2020 Í tillögum til rammaáætlunar og nefndar sem taka skal virkjunarkosti til umræðu voru 4 nýir kostir skráðir árið 2020 á Vestfjörðum.
- Sveitarfélög verða að taka tillit til orkuinnviða í skipulagi sínu og senda athugasemdir til Landsnets og umfjöllunarnefnda orkukosta ef þau hafa athugasemdir.
- Athuga fyrir árið 2020-dregið var úr verklegum framkvæmdum vegna Hvalárvirkjunar og eitt stórt vindbú í Garpsdal var sett inn í ferli Rammaáætlunar

## 5. hluti: Stjórnun ferskvatnsauðlinda

5.1 Vatnalög nr. 15/1923

5.2 Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga

5.3 Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

5.4 Reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga

5.5 Lög um skipulag haf- og standsvæða

## 5. Lög sem varða stjórnun ferskvatnsauðlinda

### 5.1 Vatnalög nr. 15/1923

#### 5.1.1 Lýsing

Vatnalög voru samþykkt af Alþingi 20. júní 1923 og tóku gildi 1. janúar 1924. Lögin taka til alls rennandi eða kyrrstæðs vatns á yfirborði jarðar, í föstu eða fljótandi formi, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um. Markmið laganna er að:

- kveða á um rétt almennings til nýtingar vatns, greiðan aðgang að nægu og hreinu vatni og vatnsréttindi landeigenda,
- samþætta nýtingar- og umhverfissjónarmið á sviði vatnamála og auka samvinnu stjórnvalda á því sviði og
- tryggja skynsamlega nýtingu vatnsauðlindarinnar og langtímavernd hennar með fyrirbyggjandi aðgerðum á grundvelli sjálfbærrar þróunar.

Samhliða lögum gilda einnig skipulagslög, lög um mannvirki, lög um náttúruvernd, lög um stjórn vatnamála og önnur lög, eins og við á hverju sinni, um rétt almennings til vatns og vatnsréttindi landeigenda.

#### 5.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélögin á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 5.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 5. Lög sem varða stjórnun ferskvatnsauðlinda

### 5.2 Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga

#### 5.2.1 Lýsing

Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga voru samþykkt af Alþingi 7. maí 2004 og tóku gildi 26. maí sama ár. Samkvæmt lögnum skulu sveitarfélög starfrækja vatnsveitur í þéttbýli í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf almennings, heimila og atvinnufyrirtækja, þar á meðal hafna, eftir því sem kostur er, nema þar sem sérstaklega er kveðið á um annað fyrirkomulag. Í dreifbýli er sveitarstjórn heimilt að starfrækja vatnsveitu og leggja í framkvæmdir við gerð hennar enda sýni rannsóknir og kostnaðaráætlanir að hagkvæmt sé að leggja veituna og reka hana. Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu nema annað rekstrarform hafi sérstaklega verið ákveðið.

#### 5.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 5.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl



## 5. Lög sem varða stjórnun ferskvatnsauðlinda

### 5.3 Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála

#### 5.3.1 Lýsing

Lög um stjórn vatnamála voru samþykkt af Alþingi 15. apríl 2011 og tóku gildi 19. apríl sama ár. Löggin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun.

Samkvæmt 8. grein laganna eru sveitarfélög og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga Umhverfisstofnun til aðstoðar við undirbúning tillögu að vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun og endurskoðun þeirra. Sveitarfélög skulu, í samvinnu við heilbrigðisnefndir og innan marka netlaga, framfylgja kröfum sem fram koma í aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna á sviði vatnsverndar.

#### 5.3.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 5.3.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 5. Lög sem varða stjórnun ferskvatnsauðlinda

### 5.4 Reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga

#### 5.4.1 Lýsing

Reglugerðin gildir um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga og um aðrar vatnsveitur eftir því sem við á. Markmiðið með reglugerðinni eru að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitna, stuðla að tæknilegum framförum og setja reglur um réttindi, skyldur og ábyrgð notenda annars vegar og þjónustu vatnsveitu við íbúa og atvinnulíf hins vegar.

Samkvæmt 10. grein reglugerðarinnar skal stjórn vatnsveitu, sem er eftir atvikum sveitarstjórn eða sérstök stjórn í umboði hennar, samþykkja langtímaáætlun fyrir veituna þar sem meðal annars er gerð grein fyrir áformum um framkvæmdir á næstu fimm árum hið skemmsta. Langtímaáætlun skal gefa glögga mynd af áformum um rekstur, framkvæmdir og efnahag og gilda sem rammi við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar, stefnumörkun, ákvörðun gjaldskrár og stjórnun vatnsveitunnar. Langtímaáætlun skal uppfærð árlega.

#### 5.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarstjórnirnar eða sérstakar stjórnir í umboði þeirra skulu samþykkja langtímaáætlun fyrir viðkomandi vatnsveitur.

#### 5.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Áform sveitarstjórna og vestfirskra sveitarfélaga um úrbætur í málefnum vatnsveitnanna skulu vera felld inn í langtímaáætlanir þeirra þegar þær verða gerðar skv. framan skráðu, þ.m.t.
  - Uppsetning rennismæla
  - Skipulögð lekaleit

## 5. Lög sem varða stjórnun ferskvatnsauðlinda

### 5.5 Reglugerð nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga

#### 5.4.1 Lýsing

Reglugerðin gildir um vatnsveitur í eigu sveitarfélaga og um aðrar vatnsveitur eftir því sem við á. Markmiðið með reglugerðinni eru að tryggja öryggi og auka sveigjanleika í rekstri vatnsveitna, stuðla að tæknilegum framförum og setja reglur um réttindi, skyldur og ábyrgð notenda annars vegar og þjónustu vatnsveitu við íbúa og atvinnulíf hins vegar.

Samkvæmt 10. grein reglugerðarinnar skal stjórn vatnsveitu, sem er eftir atvikum sveitarstjórn eða sérstök stjórn í umboði hennar, samþykkja langtímaáætlun fyrir veituna þar sem meðal annars er gerð grein fyrir áformum um framkvæmdir á næstu fimm árum hið skemmsta. Langtímaáætlun skal gefa glögga mynd af áformum um rekstur, framkvæmdir og efnahag og gilda sem rammi við gerð árlegrar fjárhagsáætlunar, stefnumörkun, ákvörðun gjaldskrár og stjórnun vatnsveitunnar. Langtímaáætlun skal uppfærð árlega.

#### 5.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarstjórnirnar eða sérstakar stjórnir í umboði þeirra skulu samþykkja langtímaáætlun fyrir viðkomandi vatnsveitur.

#### 5.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Áform sveitarstjórna og vestfirskra sveitarfélaga um úrbætur í málefnum vatnsveitnanna skulu vera felld inn í langtímaáætlanir þeirra þegar þær verða gerðar skv. framan skráðu, þ.m.t.
  - Uppsetning rennismæla
  - Skipulögð lekaleit

## 6. hluti: Verndun og stjórnun vistkerfa

**6.1** Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

**6.2** Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

**6.3** Skipulagslög nr. 123/2010

**6.4** Mannvirkjalög nr. 160/2010

**6.5** Náttúruverndarlög nr. 60/2013

**Annað:** Auglýsing nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði

Auglýsing nr. 103/1975 um náttúruvætti í Surtarbrandsgili

Auglýsing nr. 395/1975 um friðland í Flatey og endurskoðun hennar frá 2015

Auglýsing nr. 425/1977 um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi

Auglýsing nr. 332/1985 um friðland á Hornströndum

Auglýsing nr. 348/1986 um friðlýsingu Dynjanda

## 6. Lög sem varða verndun og stjórnun vistkerfa

### 6.1 Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

#### 6.1.1 Lýsing

Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum voru samþykkt af Alþingi 19. maí 1994 og tóku gildi 1. júlí sama ár. Markmið laganna er að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda. Ákvæði laganna taka hvorki til hvala né sela en um þær tegundir gilda sérstök lög. Lögin ná til efnahagslögsögu Íslands.

Samkvæmt 7. grein laganna getur umhverfísráðherra að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands ákveðið að beita sér fyrir útrýmingu stofns eða tegundar dýra sem flust hefur til Íslands af mannavöldum.

#### 6.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 6.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 6. Lög sem varða verndun og stjórnun vistkerfa

### 6.2 Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

#### 6.2.1 Lýsing

Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar voru samþykkt af Alþingi 8. mars 1995 og tóku gildi 9. mars sama ár. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Umhverfisráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögnum, en þó gilda ákvæði þjóðminjalaga um vernd menningarsögulegra minja. Breiðafjarðarnefnd er umhverfisráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna.

#### 6.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa kost á að vinna með Breiðafjarðarnefnd og skal hún í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins. Áætlun þessi skal send ráðherra til staðfestingar.

#### 6.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2017

## 6. Lög sem varða verndun og stjórnun vistkerfa

### 6.3 Skipulagslög nr. 123/2010

#### 6.3.1 Lýsing

Skipulagslög nr. 123/2010 voru samþykkt af Alþingi 22. september 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Markmið laganna er m.a.

- að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Í 12. grein laganna kemur fram að ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skuli setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd.

Í 13. grein laganna kemur fram að ef óvissa er um hvort fyrirhugaðar framkvæmdir hafi alvarleg eða óafturkræf áhrif á tiltekin vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd eða minjar sem skráðar eru á C-hluta náttúruminjaskrár skv. 37. gr. sömu laga skuli umsækjandi um framkvæmdaleyfi afla sérfræðialíts um möguleg og veruleg áhrif á þau vistkerfi eða jarðminjar. Sveitarstjórn er heimilt að binda framkvæmdaleyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr slíkum áhrifum. Við mat á því hvað teljast alvarleg eða óafturkræf áhrif skal taka mið af verndarmarkmiðum 2. og 3. gr., sbr. 9. gr. laga um náttúruvernd.

Árið 2019 tóku miklar breytingar á skipulagslögum gildi. Tengjast þær lögum um umhverfismati áætlana.

#### 6.3.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Skipulagslög eru lögð til grundvallar allri ákvarðanatöku um skipulag sem hefur áhrif á vernd og stjórnun vistkerfa.

#### 6.3.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Grunnlög sem tengjast flestum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga í tengslum við umhverfisvottun Vestfjarða

## 6. Lög sem varða verndun og stjórnun vistkerfa

### 6.4 Mannvirkjalög nr. 160/2010

#### 6.4.1 Lýsing

Mannvirkjalög nr. 160/2010 voru samþykkt af Alþingi 28. desember 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Lögunum var breytt með l. 131/2011. Breytingarnar tóku gildi 1. jan. 2012. Markmið laganna er m.a.

- að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, að frátöldum höfnum, varnargörðum eða fyrirhleðslum, vegum eða öðrum samgöngumannvirkjum, svo sem flugvöllum, jarðgöngum, vegskálum eða brúm, öðrum en umferðar- og göngubrúm í þéttbýli.

Í 13. grein laganna kemur fram að ef óvissa er um hvort fyrirhuguð byggingarleyfisskyld framkvæmd hafi alvarleg eða óafturkræf áhrif á tiltekin vistkerfi og jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd eða minjar sem skráðar eru á C-hluta náttúruminjaskrár skv. 37. gr. sömu laga skuli umsækjandi um byggingarleyfi afla sérfræðiálits um möguleg og veruleg áhrif á þau vistkerfi eða jarðminjar. Leyfisveitanda er heimilt að binda byggingarleyfi skilyrðum sem þykja nauðsynleg til að draga úr slíkum áhrifum. Við mat á því hvað teljast alvarleg eða óafturkræf áhrif skal taka mið af verndarmarkmiðum 2. og 3. gr., sbr. 9. gr. laga um náttúruvernd.

#### 6.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Mannvirkjalög eru lögð til grundvallar allri ákvarðanatöku um ný mannvirki, sjá framar.

#### 6.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Grunnlög sem tengjast ýmsum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga í tengslum við umhverfissvottun Vestfjarða



## 6. Lög sem varða verndun og stjórnun vistkerfa

### 6.5 Náttúruverndarlög nr. 60/2013

#### 6.5.1 Lýsing

Náttúruverndarlögin voru samþykkt af Alþingi 10. apríl 2013 og tóku gildi 15. nóvember 2015. Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Þá eiga lögin að:

- stuðla að samskiptum manns og náttúru þannig að hvorki spillist líf eða land, loft eða lögur,
- auðvelda umgengni og kynni almennings af náttúru landsins og menningarminjum sem henni tengjast og efla þekkingu og fræðslu um náttúruna,
- tryggja rétt almennings til að fara um landið og njóta náttúrunnar og stuðla þannig að almennri útivist í sátt við náttúruna, landsmönnum til heilsubótar og velsældar.

Samkvæmt 14. grein laganna skal þriggja til sjö manna náttúruverndarnefnd starfa á vegum hvers sveitarfélags. Nefndin skal kosin af sveitarstjórn til fjögurra ára í senn. Sveitarstjórn er þó heimilt að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði. Sveitarstjórn ákveður fjölda nefndarmanna, velur nefndinni formann og setur henni erindisbréf. Sveitarfélög geta haft samvinnu við nágrannasveitarfélög um starfrækslu náttúruverndarnefnda. Náttúruverndarnefndir skulu vera sveitarstjórnnum til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skulu þær stuðla að náttúruvernd hver á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna, og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórna og Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt 25. grein laganna getur Umhverfisstofnun í verndarskyni, að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeiganda eða að eigin frumkvæði, takmarkað umferð eða lokað svæðum í óbyggðum ef hætta er á verulegu tjóni af völdum ágangs á svæði. Slíkar ákvarðanir eru háðar staðfestingu ráðherra. Stofnunin skal ávallt hafa samráð við hlutaðeigandi sveitarfélag, landeiganda og aðra hagsmunaaðila áður en tillaga samkvæmt þessu ákvæði er send til ráðherra. Sömuleiðis getur Umhverfisstofnun ákveðið, ef veruleg hætta er á tjóni af völdum mikillar umferðar eða vegna sérstaklega viðkvæms ástands náttúru, að takmarka umferð eða loka viðkomandi svæði tímabundið fyrir ferðamönnum að fenginni tillögu hlutaðeigandi sveitarfélags eða landeiganda eða að eigin frumkvæði.

Samkvæmt 32. grein laganna skal Vegagerðin halda skrá í stafrænum kortagrunni um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil skv. vegalögum. Sveitarfélög gera tillögu að slíkri skrá innan sinna marka við gerð aðalskipulags og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi. Við gerð skrárinnar skulu sveitarfélög hafa samráð við Umhverfisstofnun eða önnur stjórnvöld þjóðgarða ef við á, Vegagerðina, Landgræðslu ríkisins, Landmælingar Íslands, samtök útivistarfélaga, náttúru- og umhverfisverndarsamtök, Bændasamtök Íslands og Samtök ferðaþjónustunnar.

Samkvæmt ákvæði í 52. grein laganna er heimilt að friðlýsa landsvæði til útivistar og almenningsnota sem fólkvang að frumkvæði hlutaðeigandi sveitarfélags eða sveitarfélaga og að fengnu álit Umhverfisstofnunar. Skal verndun svæðisins miða að því að auðvelda almenningi aðgang að náttúru og tengdum menningarminjum í nánd við þéttbýli til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu.

Umhverfisstofnun annast undirbúning stofnunar fólkvangs í samvinnu við viðkomandi sveitarfélag eða sveitarfélög.

Í 68. grein laganna kemur fram að framkvæmdaáætlun náttúruvinnjaskrár sé bindandi við gerð skipulagsáætlana. Sveitarstjórnir skulu, þegar við á, samræma gildandi svæðis-, aðal- og deiliskipulagsáætlanir framkvæmdaáætluninni innan fjögurra ára frá samþykkt hennar, þó með tilteknum heimildum til frestunar.

### 6.5.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Þriggja til sjö manna umhverfis- eða náttúruverndarnefnd á að starfa á vegum hvers sveitarfélags, eftir atvikum í samstarfi fleiri sveitarfélaga.
- Sveitarfélag eða sveitarfélög á Vestfjörðum geta lagt til við Umhverfisstofnun takmarki umferð eða loki svæðum ef hætta er á verulegu tjóni vegna ágangs.
- Við gerð aðalskipulags skulu sveitarfélögin gera tillögu að skrá um vegi aðra en þjóðvegi í náttúru Íslands þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil skv. vegalögum.
- Sveitarstjórn getur haft frumkvæði að því að tiltekið landsvæði verði lýst fólkvangur. Ákvæðinu er m.a. hægt að beita í tengslum við áform vestfirskra sveitarfélaga um verndunaraðgerðir.

### 6.5.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- **Árið 2019 var gefin út reglugerð um landverði og námskeið (nr. 190 frá 2019)**
- Tengsl við ýmis verkefni

## 7. Lög um skipulag haf- og strandsvæða

### 7.1 Lög nr. 88 26. júní 2018

#### 7.1.1 Lýsing

**Lögin kveða á um að svæðisráð móti strandsvæðisskipulag.** Það fjallar um það svæði sem nær frá netlögum að ytri mörkum efnahagslögsögunnar. Í svæðisráði sitja 4 tilnefndir af ráðherrum og 3 tilnefndir frá aðliggjandi sveitarfélögum og að auki einn frá sambandi ísl. sveitarfélaga. Skipað skal í ráðið eftir hverjar kosningar og endurskoða áætlunina ef þarf.

- a. að nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða verði í samræmi við skipulag sem hefur efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,
- b. að skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi; enn fremur taki skipulag mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga,
- c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
- d. að tryggja samráð og samvinnu við sveitarfélög um skipulag strandsvæða og samræmi þess við skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, að tryggja samráð við almenning og aðra hagsmunaaðila við skipulagsgerð, að tryggja faglegan undirbúning framkvæmda á haf- og strandsvæðum.

Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað strandsvæði sem tilgreint er í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna og ákvæði varðandi orkuvinnslu á hafi, mannvirkjagerð, eldi eða ræktun nytjastofna, efnistöku, haugsetningu, verndarsvæði, vatnsvernd, umferð og samgöngur, náttúruvá, útivist, ferðaþjónustu o.fl., í samræmi við markmið laga þessara, þar á meðal með tilliti til sjálfbærrar þróunar, áhrifa á umhverfið og ásýnd þess, öryggissjónarmiða sem og annarra skipulagsforsendna sem þurfa að liggja fyrir vegna starfsemi eða framkvæmda á svæðinu.

#### 7.1.2. Mikilvægi vegna umhverfissvottunar

Á Vestfjörðum er mikið strandsvæði sem nýst getur í margvíslegri atvinnu- og frístundastarfsemi. Þau tengjast lögum um fiskeldi, skeldýraeldi, lögum um hollustuvernd og mengunarvarnir, hafnarlögum, lögum um mannvirki, lögum um eignarrétt ríkisins á auðlindum á hafsbotni, svo sem varðandi leit, rannsóknir og vinnslu kolvetna.

#### 7.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Tengsl við ýmis frístunda- og atvinnuáætlanir sem eru háð mati á umhverfisáhrifum og almenna hollustuhætti, vernd og nýtingu vistkerfa í sjó.

## 8. Stjórnun félagslegra og menningarlegra áhrifa ferðaþjónustunnar

**8.1 Lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála , Felld úr gildi 2018. Í þeirra stað komu Lög um ferðamálastofu. 13. Júní 2018 og komu að fullu í gildi 1. Jan 2020.**

### 8.1.1 Lýsing

Ferðamálastofa skal með starfsemi sinni fylgjast með og stuðla að þróun ferðaþjónustu sem mikilvægrar og sjálfbærrar grunnstoðar í íslensku samfélagi að teknu tilliti til þolmarka íslenskrar náttúru og samfélags ásamt því að vinna að samræmingu, greiningum og rannsóknum í ferðaþjónustu með hliðsjón af stefnu stjórnvalda.

### 8.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Grunnlög sem tengjast sumum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga. Ferðamálastofa hefur mörg verkefni á hendi og eru það einkum eftirfarandi atriði sem geta komið inn á bord sveitarfélaga þar sem ferðamennska er stunduð. –
- 1. Útgáfa leyfa. 2. Eftirlit með leyfis skyldri starfsemi, þar á meðal öryggisáætlunum. 3. Framkvæmd ferðamálastefnu, áætlanagerð og stuðningur við svæðisbundna þróun. 4. Öflun, miðlun og úrvinnsla upplýsinga, þar á meðal tölfræðilegra gagna og annarra upplýsinga um viðfangsefni stofnunarinnar. Ath. listinn er lengri í lögnum

### 8.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Málefni sem eru á dagskrá innan umhverfisvottunarinnar heyra mörg undir ferðamálastofu

## 9. Skipulag og þróun svæða undir ferðaþjónustu

### 9.1 Skipulagslög nr. 123/2010

#### 9.1.1 Lýsing

Skipulagslög nr. 123/2010 voru samþykkt af Alþingi 22. september 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Markmið laganna er:

- a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
- b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
- d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
- e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

#### 9.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Í skipulagslögum er m.a. kveðið á um hvernig staðið skuli að veitingu framkvæmdaleyfa í samræmi við skipulag. Ákvæði laganna ná m.a. til frístundabyggðar, ráðstöfunar lands til mismunandi nota, landnýtingar o.fl. grunnþátta sem varða ákvarðanatöku um þróun svæða undir ferðaþjónustu, þ.m.t. svæða fyrir tjaldsvæði og útivist.

#### 9.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Grunnlög sem tengjast flestum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga í tengslum við umhverfissvottun Vestfjarða

## 10. Geymsla og notkun efna sem eru skaðleg umhverfinu

### 10.1 Efnalög nr. 61/2013

#### 10.1.1 Lýsing

Efnalög voru samþykkt á Alþingi 8. apríl 2013 og tóku gildi að fullu 1. janúar 2014. Markmið laganna er annars vegar að tryggja að meðferð á efnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfi og hins vegar að efna skuldbindingar Íslands um að tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins að því er varðar efni, efnablöndur og hluti sem innihalda efni. Þá er það markmið laganna að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu.

Samkvæmt 6. grein laganna er hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga m.a. að upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi og hafa eftirlit með meðferð og merkingum efna og efnablandna í starfsleyfis skyldri starfsemi sem heyrir undir þau starfsleyfi sem nefndin gefur út á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þá getur Umhverfisstofnun, skv. 48. grein laganna falið heilbrigðisnefndum sveitarfélaga einstaka þætti eftirlits samkvæmt lögunum.

#### 10.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Taka ber tillit til laganna í stefnumótun sem varðar notkun og geymslu efna. Verkefnum er skipt milli vinnueftirliti annast vegar og heilbrigðisfulltrúa hins vegar. Í grein 6 stendur um hlutverk heilbrigðisnefnda sveitarfélaga:

Upplýsa almenning um hættu tengda notkun á efnum og efnablöndum þegar þörf er á til verndar heilsu eða umhverfi,

3. taka að sér verkefni samkvæmt eftirlitsáætlun, sbr. 52. gr., í umboði Umhverfisstofnunar samkvæmt samningi þar um. Umhverfisstofnun ber kostnað af störfum heilbrigðisfulltrúa í þessu tilviki. Umhverfisstofnun er heimilt að fela heilbrigðisnefnd umsjón með aðgerðum á kostnað stofnunarinnar, Umhverfisstofnunin krefst þess að sveitarfélög fylgist með notkun eiturefna í sínu umdæmi.

#### 10.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Heilbrigðisfulltrúum ber að gæta þess að farið sé eftir öllum reglugerðum um meðferð og geymslu umhverfisskaðlegra efna. Vinnueftirlitið gefur út starfsleyfi fyrir meindýraeyða.
- Kynning á vistvænum vörnum gegn meindýrum og illgresi

## 11. Verndun loftgæða og stjórnun hávaða

11.1 Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

11.2 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

11.3 Skipulagslög nr. 123/2010

11.4 Mannvirkjalög nr. 160/2010

11.5 Lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum

11.6 Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði

11.7 Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir

11.8 Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

11.9 Byggingarreglugerð nr. 112/2012

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.1 Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

#### 11.1.1 Lýsing

Lögin um um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum voru samþykkt af Alþingi 28. maí 1980 og tóku gildi 1. janúar 1981. Með lögunum er leitast við, að

- a. tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,
- b. tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyriræli Vinnueftirlits ríkisins.

Á grundvelli laganna hafa verið settar fjölmargar *reglugerðir með nánari ákvæðum* m.a. um stjórnun loftgæða og hávaða á vinnustöðum.

#### 11.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl, en krafist er upplýsinga og eftirfylgni af þar til kvöddum stofnunum.

#### 11.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl.



## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.2 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

#### 11.2.1 Lýsing

Lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir voru samþykkt af Alþingi 12. mars 1998 og tóku gildi 24. mars sama ár. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi. Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. laganna, að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

Samkvæmt skilningi laganna er með mengun átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis og ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta.

#### 11.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Endurskoða þarf starfsleyfi á 16 ára fresti ef hún hefur mengun í för með sér. Sjá umfjöllun um reglugerðir

#### 11.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Sjá umfjöllun um reglugerðir

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.3 Skipulagslög nr. 123/2010

#### 11.3.1 Lýsing

Skipulagslög nr. 123/2010 voru samþykkt af Alþingi 22. september 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Markmið laganna er:

- a. að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
- b. að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
- d. að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
- e. að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

#### 11.3.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sjá 6. og 8. hluta þessarar laga- og reglugerðaskrár.

#### 11.3.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Grunnlög sem tengjast mörgum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.4 Mannvirkjalög nr. 160/2010

#### 11.4.1 Lýsing

Mannvirkjalög nr. 160/2010 voru samþykkt af Alþingi 28. desember 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Markmið laganna er m.a.

- að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.

Lögin gilda um öll mannvirki sem reist eru á landi, ofan jarðar eða neðan, innan landhelginnar og efnahagslögsögunnar, að frátöldum höfnum, varnargörðum eða fyrirhleðslum, vegum eða öðrum samgöngumannvirkjum, svo sem flugvöllum, jarðgöngum, vegskálum eða brúm, öðrum en umferðar- og göngubrúm í þéttbýli.

Í 60. grein laganna kemur fram að ráðherra setji reglugerðir sem ná til alls landsins þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd laganna. Þar skuli m.a. vera ákvæði um kröfur sem gera skal til hönnunar og mannvirkja um útlit, rýmisstærðir og samsvörun við næsta umhverfi, hagkvæmni og notagildi, aðgengi, öryggi, heilnæmi, tæknilegan frágang og viðhald, umgengni og öryggi á vinnustöðum auk krafna um gróður á lóðum, og frágang og útlit lóða, þ.m.t. girðingar. Einnig lágmarkskröfur sem einstakir hlutar mannvirkja og mismunandi tegundir þeirra skulu uppfylla, svo sem um undirstöður, byggingarefni, burðarþol, einangrun gegn kulda, raka og hávaða, loftgæði, hljóðvist, birtu, lagnakerfi, hollustuhætti, brunavarnir og þess háttar.

#### 11.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Mannvirkjalög eru lögð til grundvallar allri ákvarðanatöku um ný mannvirki, sjá framar.

#### 11.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Grunnlög sem tengjast ýmsum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga í tengslum við umhverfissvottun Vestfjarða

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.5 Lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum

#### 11.5.1 Lýsing

Lögin um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum voru samþykkt af Alþingi 7. júlí 2015 og tóku gildi 10. júlí sama ár. Markmið laganna er að vernda umhverfið og heilsu fólks með því að koma í veg fyrir mengun af sinubrennu, öðrum gróðureldum og meðferð elds á víðavangi. Þá er það einnig markmið laganna að tryggja öryggi og vernd lífs og eigna.

Samkvæmt lögnum er óheimilt að kveikja eld á víðavangi, á lóðum eða annars staðar utan dyra þar sem almannahætta getur stafað af eða hætt er umhverfi, gróðri, dýralífi eða mannvirkjum.

Sinubrenna er óheimil samkvæmt lögnum. Þó er ábúendum eða eigendum jarða á lögbýlum þar sem stundaður er landbúnaður heimilt að brenna sínu samkvæmt skriflegu leyfi sýslumanns enda sé tilgangurinn rökstuddur og augljósir hagsmunir vegna jarðræktar eða búfjárræktar. Aldrei má brenna sínu þar sem almannahætta stafar af eða tjón getur hlotist af á náttúruminum, fuglalífi, mosa, lyng- eða trjágróðri, skógi eða mannvirkjum. Við sinubrennu skal gæta ytrustu varkárni og gæta þess að valda ekki óþarfa ónæði eða óþægindum.

#### 11.5.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Samkvæmt lögnum er sveitarstjórn heimilt í brunavarnaáætlun, sbr. lög um brunavarnir, að afmarka svæði þar sem óheimilt er að brenna sínu vegna þeirrar hættu sem af því getur stafað fyrir umhverfið, heilsu fólks, nálæg mannvirki eða starfsemi á svæðinu. Óheimilt er að veita leyfi til sinubrennu á svæðum sem þannig hafa verið afmörkuð í brunavarnaáætlun. Að öðru leyti eru sinubrennur ekki á valdsviði sveitarstjórna.

#### 11.5.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.6 Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði

#### 11.6.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir eða draga úr skaðlegum áhrifum loftmengunar á heilsu manna og umhverfið, meta loftgæði á samræmdan hátt, afla upplýsinga um loftgæði og viðhalda þeim þar sem þau eru mikil eða bæta þau ella. Jafnframt er það markmið að draga úr mengun lofts. Reglugerðin gildir um loftgæði og varnir gegn loftmengun – hér á landi og í mengunarlögsögunni. Um loftgæði á vinnustöðum gilda ákvæði laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Samkvæmt 18. grein reglugerðarinnar skal leitast við að varðveita eftir föngum loftgæði sem samrýmast sjálfbærri þróun.

Samkvæmt viðauka við reglugerðina skal m.a. tekið tillit til brennisteinsdíoxíðs, köfnunarefnisdíoxíðs og fíngerðs ryks, t.d. sóts (að meðtöldu pm 10), við mat og stjórn á loftgæðum. Umhverfisstofnun sér um framkvæmd reglugerðarinnar.

#### 11.6.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 11.6.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.7 Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir

#### 11.7.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að kortleggja og meta hávaða og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Reglugerðin tekur til hávaða sem fólk verður fyrir á byggðum svæðum, á útivistarsvæðum, og kyrrlátum svæðum í þéttbýli og dreifbýli, við skóla, sjúkrahöfnir og aðrar byggingar þar sem fólk er viðkvæmt fyrir hávaða. Hávaði er í reglugerðinni skilgreindur sem óþægileg eða skaðleg hljóð sem stafa frá athöfnum fólks, svo sem frá flutningum, umferð ökutækja og flugvéla og hvers kyns atvinnustarfsemi.

Samkvæmt 4. grein reglugerðarinnar skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI við reglugerðina og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Veghaldari og rekstraraðili flugvallar skulu gera hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir stóra vegi og stóra flugvelli. Sveitarstjórn skal útbúa hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir þéttbýlissvæði. Á þéttbýlissvæðum skal vera samvinna milli þeirra aðila sem ábyrgð bera á kortlagningu hávaða á svæðinu og skal niðurstaðan sýnd sem heildstætt hávaðakort sem sveitarstjórn gefur út. Meta skal á a.m.k. fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurskoða hávaðakort. Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Sveitarstjórn, ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun sé gerð. Hávaðakort, aðgerðaáætlanir, afmörkun kyrrláttra svæða og aðrar upplýsingar um hávaða skulu vera aðgengilegar almenningi.

#### 11.7.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Ekki hefur verið kannað hvort ákvæði reglugerðarinnar eigi við einhvers staðar á Vestfjörðum.

#### 11.7.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.8 Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða

#### 11.8.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að draga úr og koma í veg fyrir hávaða. Reglugerðin gildir um viðmiðunargildi fyrir hávaða og hávaðavarnir hér á landi og í mengunarlögsögunni og á við um atvinnurekstur, samgöngur og athafnir einstaklinga eins og við getur átt. Um hávaða sem berst með byggingum og byggingarhlutum gildir byggingarreglugerð. Um hávaða á vinnustöðum gilda lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Heilbrigðisnefnd hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Séu hávaðavarnir ekki nægilegar gerir heilbrigðisnefnd tillögur til sveitarstjórnar samkvæmt 7. grein reglugerðarinnar t.d. um takmörkun umferðar og/eða starfsemi á ákveðnum tímum og svæðum, til að halda hávaða innan viðmiðunarmarka.

#### 11.8.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 11.8.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 11. Lög sem varða verndun loftgæða og stjórnun hávaða

### 11.9 Byggingarreglugerð nr. 112/2012

#### 11.9.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar eru:

- Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.
- Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.
- Að stuðla að vernd umhverfis með því að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi við hönnun og gerð mannvirkja.
- Að stuðla að tæknilegum framförum og nýjungum í byggingariðnaði.
- Að tryggja aðgengi fyrir alla.
- Að stuðla að góðri orkunýtingu við rekstur bygginga.

Reglugerðin er sett samkvæmt 1. mgr. 60. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 4. mgr. 24. gr. laga nr. 75/2000 um brunavarnir.

Í 10. kafla reglugerðarinnar er fjallað sérstaklega um loftgæði innan mannvirkja og í 11. kafla eru ákvæði um varnir gegn hávaða.

#### 11.9.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Engin bein tengsl

#### 10.9.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl



## 12. Lög um mat á umhverfisáhrifum

### 12.1 Lög nr. 106/2000

#### 12.1.1 Lýsing

Markmið laga þessara er að:

- Tryggja að áður en leyfi er veitt fyrir framkvæmd, sem kann vegna staðsetningar, starfsemi sem henni fylgir, eðlis eða umfangs að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, hafi farið fram mat á umhverfisáhrifum viðkomandi framkvæmdar,
- Draga eins og kostur er úr neikvæðum umhverfisáhrifum framkvæmdar,
- Stuðla að samvinnu þeirra aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara,
- Kynna fyrir almenningi umhverfisáhrif framkvæmda sem falla undir ákvæði laga þessara og mótvægisáðgerðir vegna þeirra og gefa almenningi kost á að koma að athugasemdum og upplýsingum áður en álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdar liggur fyrir.

#### 12.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

Þessi lög eiga við öll sveitarfélög á Vestfjörðum þar sem þau hafa rétt til að setja í mat á umhverfisáhrifum ýmsar framkvæmdir sem ekki er skylda að setja í mat.

Árið 2019 var ýmsum atriðum breytt sem snúa að framkvæmdum á vegum ríkis, sveitarfélaga eða annarra opinberra aðila. Umhverfisráðherra hefur yfirumsjón með lögum nema á svæðum sem falla undir varnarmál þá utanríkisráðherra.

Skipulagsnefnd skal taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið fer með framkvæmdina. Breytt var þeim verkefnum sem falla undir matsskyldu. Það getur ráðherra einnig gert ef til dæmis svæði fellur undir alþjóðasamninga eða fyrirséð er að framkvæmd hafi mikil umhverfisáhrif. Lögin tilgreina nákvæmlega samskipti og ferli mála milli skipulagsstofnunar og sveitarfélaga.

Skipulagsstofnu getur lagt stjórnvaldssektir á framkvæmdaraðila sem hefst handa án þess að tilkynna hana til matskyldu. Átt er við framkvæmd í flokki B og C.

#### 12.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

Tengslin liggja helst í því að tryggja fagleg vinnubrögð og fylgja ströngum fyrirmælum vegna umhverfisvottunar Vestfjarða. Nýlegar breytingar á þessum lögum varða til að mynda

**Þátttökurétt almennings:** Réttur almennings til upplýsinga og réttur til að koma að athugasemdum og gögnum við málsmeðferð samkvæmt lögum er skilgreindur.

Jafnframt að athöfn eða athafnaleysi stjórnvalda sem brýtur gegn þátttökurétti almennings á grundvelli laganna sætir kærur til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála

Jafnframt ábyrgð sveitarfélags gagnvart Skipulagsstofnun

## 13. Stjórnun fráveitumála og ofanvatns

**13.1** Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

**13.2** Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

**13.3** Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

**13.4** Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

**13.5** Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri

**13.6** Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn

**13.7** Breytingar á lögum um skipulag strandsvæða

**13.8** Breyting á lögum þar sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun tekur við ýmsum málum er lúta að fráveitu brunavörnum og öðrum öryggismálum fyrir húsnæði og önnur mannvirki

## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.1 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

#### 13.1.1 Lýsing

Lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir voru samþykkt af Alþingi 12. mars 1998 og tóku gildi 24. mars sama ár. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi. Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. laganna, að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

Til þess að stuðla að framkvæmd mengunarvarnaeftirlits setur ráðherra samkvæmt 5. grein laganna í reglugerð almenn ákvæði m.a. um fráveitur og skólþ þar sem m.a. skulu koma fram reglur um hreinsun skólps og viðmiðunarmörk í fráveitum og viðtaka – og um varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. skulu koma fram viðmiðunarmörk fyrir mengandi efni og/eða gæðamarkmið fyrir grunnvatn og yfirborðsvatn.

#### 13.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sjá umfjöllun um reglugerðir

#### 13.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Sjá umfjöllun um reglugerðir

## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.2 Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda

#### 13.2.1 Lýsing

Lögin um varnir gegn mengun hafs og stranda voru samþykkt af Alþingi 7. maí 2004 og tóku gildi 1. október sama ár. Markmið laganna er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda. Einnig er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs. Lögin taka til hvers konar starfsemi sem tengist atvinnurekstri, framkvæmdum, skipum og loftförum, hér á landi, í lofthelgi og í mengunarlögsögu Íslands, að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki þar um.

Samkvæmt 11. grein laganna skal hafnarstjórn koma upp eða tryggja rekstur viðunandi aðstöðu í höfnum fyrir móttöku á úrgangi frá skipum og skal taka mið af leiðbeiningum

Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Í höfnum skal hafnarstjórn einnig koma upp móttöku fyrir skólp. Umhverfisstofnun getur veitt undanþágu frá móttöku skólps þar sem hafnir eru litlar og þjónusta er fyrir hendi í nærliggjandi höfn.

Í IV. kafla laganna er fjallað um bráðamengun og viðbragðsáætlanir í því sambandi. Reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi er byggð á lögnum, en hún er nú í endurskoðun.

#### 13.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Vestfjarðastofa og NAVE fylgist með þróun reglna um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi, m.a. með hliðsjón af starfsleyfiskröfum fyrir olíutanka á hafnarsvæðum.

#### 13.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.3 Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns

#### 13.3.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að koma í veg fyrir og draga úr mengun vatns og umhverfis þess af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á vatni og að flokkun vatns lúti tilteknum reglum. Loks er það markmið að stuðla að almennri verndun vatns. Reglugerðin gildir um varnir gegn mengun vatns, flokkun vatns, gæðamarkmið og umhverfismörk fyrir vatn. Einnig gildir hún um losunarmörk vegna losunar ýmissa hættulegra og óæskilegra efna og efnasambanda í vatn. Reglugerðin tekur til hvers konar atvinnurekstrar hér á landi og í mengunarlögsöggunni. Heilbrigðisnefndum, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar, ber að sjá um að ákvæðum reglugerðarinnar sé framfylgt.

Samkvæmt 8. grein reglugerðarinnar skulu heilbrigðisnefndir flokka vatn með hliðsjón af fylgiskjali með reglugerðinni. Þá skulu heilbrigðisnefndir skilgreina langtímamarkmið fyrir vatn Tilgangurinn með þessu er að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns og vernda það gegn mengun frá mannlegri starfsemi. Flokkun vatns gildir um yfirborðsvatn og grunnvatn hvarvetna á landinu. Á skipulagsuppdrætti svæðis- og aðalskipulags skulu koma fram langtímamarkmið, og við deiliskipulagsgerð skal gera skýringaruppdrátt sem sýnir ástand vatns.

Sveitarstjórnir og heilbrigðisnefndir skulu grípa til aðgerða sem miða að því að viðhalda náttúrulegu ástandi vatns. Jafnframt skal grípa til úrbóta ef ástand vatns hrakar eða ef það er lakara en ástandsflokkun, gerir ráð fyrir.

Samkvæmt 15. grein reglugerðarinnar skipuleggur Umhverfisstofnun, hefur umsjón með og sér um að framkvæmd sé vöktun og úttektarrannsóknir á vatnsmengun, þar með töldum grunnvatnsrannsóknir.

#### 13.3.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa það leiðarljósi að allt yfirborðsvatn á Vestfjörðum sé ómengað.

#### 13.3.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.4 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp

#### 13.4.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að vernda almenning og umhverfið, einkum vatn og umhverfi þess, gegn mengun af völdum skólps. Einnig er það markmið að koma á samræmdri og kerfisbundinni söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúðarbyggð, svo og hreinsun skólps frá tilteknum atvinnurekstri. Reglugerðin gildir um söfnun, hreinsun og losun skólps frá þéttbýli og tiltekinni atvinnustarfsemi og um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Reglugerðin gildir ekki um losun skólps frá skipum.

Samkvæmt 20. grein reglugerðarinnar skal eins þreps hreinsun skólps, eða sambærilegri hreinsun, komið á fyrir 31. des. 2005 þar sem viðtaki er síður viðkvæmur.

#### 13.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa það að leiðarljósi að ástand fráveitumála á Vestfjörðum sé í samræmi við íslensk lög og reglugerðir, sem taka mið af kröfum Evrópusambandsins.
- Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa sett sér það markmið að ástand fráveitumála á Vestfjörðum verði í samræmi við íslenskar reglugerðir í árslok 2020.

#### 13.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Áætlun um framkvæmdir til að uppfylla íslenska reglugerð um fráveitur og skólp
- Heildstætt átak í fráveitumálum til að uppfylla íslenska reglugerð um fráveitur og skólp

## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.5 Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri

#### 13.5.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að draga úr og takmarka mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri, svo og að stuðla að almennri vatnsvernd.

#### 13.5.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Vestfjarðastofa og NAVE fylgist árlega með eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er varðar gæði neysluvatns, enda eru vatnsgæði einn af sjálfbærnisvísimum EarthCheck.

#### 13.5.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl

## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.6 Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn

#### 13.6.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint. Reglugerðin gildir um neysluvatn þ.m.t. átappað vatn sem sérreglur gilda ekki um. Ákvæði reglugerðarinnar gilda hins vegar hvorki um vatn úr náttúrulegum ölkeldum með köldu, kolsýru- og steinefnaríku vatni né um hitaveituvatn.

Samkvæmt 6. grein reglugerðarinnar skulu vatnsveitur og aðrir sem dreifa neysluvatni sjá til þess að neysluvatn uppfylli kröfur í viðauka I við reglugerðina. Neysluvatn skal vera laust við örverur, sníkjudýr og efni í því magni sem getur haft áhrif á heilsu manna.

Samkvæmt 12. grein reglugerðarinnar skal eftirlit haft með ástandi neysluvatns, þ.m.t. vatnsbólum og brunnsvæði þeirra, vatnsveitum, hreinsi- og dælustöðvum, dreifikerfum og öðru sem áhrif kann að hafa á neysluvatn. Heilbrigðisnefndir fara með þetta eftirlit undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

#### 13.6.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Vestfjarðastofa og NAVE fylgist árlega með eftirliti Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða er varðar gæði neysluvatns, enda eru vatnsgæði einn af sjálfbærnisvísimum EarthCheck. Einnig skal kanna hvort heilbrigðiseftirlit hefur fylgst með geymslu eiturefna sem tilheyra sveitarfélögum.

#### 13.6.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Sjálfbærnisvísir um vatnsgæði



## 13. Lög sem varða stjórnun fráveitumála og ofanvatns

### 13.7 Breytingar á lögum um skipulag strandsvæða

#### 13.7.1 Lýsing

Taka skal tillit til skólps og fráveitumála við skipulag strandsvæða

#### 13.7.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Í svæðisskipulagi er æskilegt að fylgja eftir skipulagi fráveitumála, einkum þar sem hættu er á hagsmunaaðrekstrum. Samráð og aðkoma almennings er upplögð.

#### 13.7.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Sjálfbærnivísir um vatnsgæði.

## 14. Lágmarkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnsla

14.1 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

14.2 Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

14.3 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

14.4 Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs

## 14. Lög sem varða lágmörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu

### 14.1 Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

#### 14.1.1 Lýsing

Lögin um hollustuhætti og mengunarvarnir voru samþykkt af Alþingi 12. mars 1998 og tóku gildi 24. mars sama ár. Markmið laganna er að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengudu umhverfi. Lögin taka til hvers konar starfsemi og framkvæmda hér á landi, í lofthelgi, efnahagslögsögu og farkostum sem ferðast undir íslenskum fána, sem hafa eða geta haft áhrif á þá þætti sem tilgreindir eru í 1. gr. laganna, að svo miklu leyti sem önnur lög taka ekki til þeirra.

#### 14.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða tekur reglulega sýni í hverju sveitarfélagi fyrir sig og kannar þannig hugsanlega mengun og aðrar hættur er kunna að skapast og eru hættuleg heilsu manna og dýra. Aðkoma sveitarfélagana er sú að á Fjórðungspingi Vestfirðinga skipa sveitarfélögin í heilbrigðisnefnd fyrir svæðið en málið er ekki á ábyrgðarsviði vestfirskra sveitarfélaga að öðru leiti.
- Allur atvinnurekstur sem haft getur í för með sér mengun skal hafa gilt starfsleyfi í samræmi við ákvæði laganna. Óheimilt er að hefja starfsleyfisskyldan atvinnurekstur hafi starfsleyfi ekki verið gefið út af sveitarfélagi.

#### 14.1.3 Tengd verkefni, vörur eða ferlar

- Engin bein tengsl

## 14. Lög sem varða lágmörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu

### 14.2 Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

#### 14.2.1 Lýsing

Lögin um meðhöndlun úrgangs voru samþykkt af Alþingi 20. mars 2003 og tóku gildi 7. apríl sama ár. Markmið laganna er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið og mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, svo og að draga úr hættu sem förgun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra. Jafnframt er það markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna eftir því sem unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurnýtingu og nauðsynlegri förgun úrgangs háttað þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Ákvæði laganna um starfsleyfi taka til móttökustöðva fyrir úrgang. Um starfsleyfi fyrir aðra starfsemi þar sem úrgangur er meðhöndlaður og eftirlit með þeim gilda lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um meðhöndlun úrgangs á sjó gilda lög um varnir gegn mengun sjávar.

Samkvæmt 6. grein laganna skal sveitarstjórn, ein eða fleiri í sameiningu, semja og staðfesta svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs sem gildir fyrir viðkomandi svæði til tólf ára í senn og skal sú áætlun fylgja stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir. Í áætluninni skulu m.a. koma fram upplýsingar um stöðu úrgangsmála á svæðinu, aðgerðir til að bæta endurnotkun, endurvinnslu og förgun og hvernig sveitarstjórn hyggst ná markmiðum stefnu um meðhöndlun úrgangs og stefnu um úrgangsforvarnir.

Samkvæmt 8. grein skal sveitarstjórn ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir

Samkvæmt 9. grein skal allur úrgangur færður til viðeigandi meðhöndlunar, annaðhvort beint til endurvinnslu eða í söfnunar- eða móttökustöð, og þaðan til endurvinnslu eða förgunar, eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, þ.m.t. grenndargáma. Opin brennsla úrgangs er óheimil.

Umhverfissráðherra setur reglugerðir um framkvæmd laganna.

#### 14.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sjá umfjöllun um reglugerðir

#### 14.2.3 Tengd verkefni, vörur eða ferlar

- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs skal vera tilbúin í sveitarfélögunum fyrir árið 2018. Athugið að endurskoða skal leyfi til úrgangsstöðva á 16 ára fresti.

## 14. Lög sem varða lágmörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu

### 14.3 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs

#### 14.3.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að því að meðhöndlun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, einkum mengun vatns, jarðvegs og andrúmslofts. Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að dregið verði með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er. Þeim úrgangi sem myndast verði komið í endurnotkun og endurvinnslu og að sú förgun úrgangs sem nauðsynleg er verði með skipulögðum hætti þannig að hann nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma. Um förgun úrgangs fer samkvæmt reglugerðum um urðun úrgangs og brennslu úrgangs.

Samkvæmt 13. grein reglugerðarinnar skal eftirfarandi forgangs röðun lögð til grundvallar við meðhöndlun úrgangs og setningu reglna um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum:

1. Úrgangsforvarnir,
2. Undirbúningur fyrir endurnotkun,
3. Endurvinnsla,
4. Önnur endurvinnsla, t.d. orkuvinnsla, og
5. Förgun.

#### 14.3.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Leiðarljós sveitarfélaganna á Vestfjörðum er að úrgangsmyndun á Vestfjörðum verði með því minnsta sem gerist, að efni séu endurnýtt og endurunnin eftir fremsta megni og að eingöngu séu keyptar umhverfismerktar vörur úr þeim vöruflokkum þar sem það er mögulegt.

#### 14.3.3 Tengd verkefni, vörur eða ferlar

- Kortlagning á uppruna, magni og afdrifum úrgangs

## 14. Lög sem varða lágmörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu

### 14.4 Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs

#### 14.4.1 Lýsing

Markmið reglugerðarinnar er að stuðla að því að urðun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Í því felst að urðun úrgangs mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, að dregið verði úr þeirri hættu sem urðun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra, að dregið verði úr urðun úrgangs og að urðun verði háttað þannig að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Samkvæmt 11. grein reglugerðarinnar skal rekstraraðili urðunarstaðar halda skrá yfir allan urðaðan úrgang. Skrá skal magn og eiginleika úrgangs, uppruna, dagsetningu móttöku og framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyrirtæki ef um er að ræða heimilisúrgang.

Urðunarstaðir þurfa starfsleyfi frá Umhverfisstofnun.

#### 14.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Mikill meirihluti úrgangs frá Vestfjörðum er urðaður á urðunarstað Sorpurðunar Vesturlands hf. að Fíflholtum á Mýrum
- Magn úrgangs til urðunar er einn af sjálfbærnisvísimum EarthCheck
- Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa sett sér það markmið að magn úrgangs sem fer til urðunar frá Vestfjörðum verði að hámarki 700 kg á mannár árið 2018

#### 14.4.3 Tengd verkefni, vörur eða ferlar

- Kortlagning á uppruna, magni og afdrifum úrgangs

## 14. Lög sem varða lágmörkun úrgangs, endurnotkun og endurvinnslu

### 14.5 Breyting á reglugerð nr. 737/2003 um urðun úrgangs

#### 14.5.1 Lýsing

Markmið breytingar á reglugerðinni er að stuðla að því að efni sem hugsanlega getur stafað af smithætta urðun úrgangs valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið. Í því felst að urðun úrgangs mengi ekki vatn, jarðveg né andrúmsloft, að dregið verði úr þeirri hættu sem urðun úrgangs getur haft á heilsu manna og dýra, að dregið verði úr urðun úrgangs og að urðun verði háttáð þannig að úrgangur nái jafnvægi við umhverfi sitt á sem skemmstum tíma.

Tryggja skal að allur sérstakur úrgangur sem fellur til vegna heilbrigðisþjónustu eða vegna húðrofa sé meðhöndlaður á viðunandi hátt og að hann blandist ekki við heimilisúrgang og annan úrgang. Til að koma í veg fyrir smit, eitrun, ofnæmi, óþol, eld, íkveikju- og sprengihættu, jónandi geislun og mengun umhverfis skal gæta ítrustu varkárni og nákvæmni við meðhöndlun á sérstökum úrgangi frá heilbrigðisþjónustu og stofum sem stunda húðrof.

#### 14.5.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

Á Vestfjörðum eru starfræktar heilsugæslustöðvar og sjúkrahús. Þar gæti einnig verið húðflúrstofa eða aðrir sem stunda húðrof (t.d. piercing) og gæta þarf að því að úrgangur frá þeim hljóti viðunandi úrgangsmeðferð.

#### 14.4.3 Tengd verkefni, vörur eða ferlar

- Heilbrigðisstofnanir og húðrofsstofur þekki reglurnar og blandi ekki við heimilissorp eða annan almennan úrgang svo að starfsmenn sem sjá um sorpmál séu ekki í hættu.

## 15. Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda

**15.1** Markmið laga þessara er að vernda hafið og strendur landsins gegn mengun og athöfnum sem stofnað geta heilbrigði manna í hættu, skaðað lifandi auðlindir hafsins og raskað lífríki þess, spillt umhverfinu eða hindrað lögmæta nýtingu hafs og stranda. Þá er það markmið laganna að eftir mengunaróhapp verði umhverfið fært til fyrra horfs.

### 15.1.1 Lýsing

Skilgreind eru mengunarvarnir fyrir öll verndunarsvæði á ströndum í hvort sem er við náttúrulegt að manngert umhverfi. Lögín ná yfir skip og önnur farartæki á hafi sem og starfsemi og athafnir í landi.

### 15.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarfélögum ber að fylgja eftir lögnum og að sjá til þess að skip og hafnir hafi aðstöðu til að losa úrgang meðal annars.

### 15.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Úrgangsmál
- Skipulag
-



## 16. Verndun menningarminja

**16.1** Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

**16.2** Skipulagslög nr. 123/2010

**16.3** Lög nr. 80/2012 um menningarminjar

**16.4** Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð

**16.5** Breyting á lögum nr. 80/2012 um skil á erlendum menningarminjum.

## Lög sem varða verndun menningarminja

### 16.1 Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar

#### 16.1.1 Lýsing

Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar voru samþykkt af Alþingi 8. mars 1995 og tóku gildi 9. mars sama ár. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Ákvæði laganna taka til allra eyja, hólma og skerja á Breiðafirði ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins sem markast af línu dreginni frá Ytranesi á Barðaströnd við fjörðinn norðanverðan í Hagadrápssker um Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey í Vallabjarg að sunnanverðu. Umhverfísráðherra fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögnum, en þó gilda ákvæði laga um menningarminjar um vernd menningarsögulegra minja. Breiðafjarðarnefnd er umhverfísráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laganna.

#### 16.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Sveitarstjórnir á Vestfjörðum taka mið af þeim tilgangi laganna að stuðla að verndun Breiðafjarðar.

#### 16.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl nema þá að friðlýsing breyti landnotkun og verndunaráætlun ekki síst þegar skipulags mál hvers sveitarfélags er til endurskoðunar.

## Lög sem varða verndun menningarminja

### 16.2 Skipulagslög nr. 103/2010

#### 16.2.1 Lýsing

Skipulagslög nr. 123/2010 voru samþykkt af Alþingi 22. september 2010 og tóku gildi 1. janúar 2011. Markmið laganna er:

- að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,
- að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi,
- að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,
- að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulagsáætlana þannig að honum sé gefið tækifæri til að hafa áhrif á ákvörðun stjórnvalda við gerð slíkra áætlana,
- að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar við gerð skipulagsáætlana varðandi útlit bygginga og form og aðgengi fyrir alla.

Í 12. grein laganna kemur fram, að ef talin er þörf á að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, náttúrufar eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis við gerð skipulagsáætlunar, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum, skuli setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um hverfisvernd. Jafnframt skuli setja í viðkomandi skipulagsáætlun ákvæði um verndarsvæði í byggð samkvæmt lögum um verndarsvæði í byggð.

Samkvæmt 37. grein laganna skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi.

#### 16.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Fjórðungssambandið eða öll sveitarfélög á Vestfjörðum gæti tekið upp sjálfbærnivísi sem tengist menningarminjum innan EarthCheck áætlunarinnar.

#### 16.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Aukin skráning menningarminja á Vestfjörðum

## Lög sem varða verndun menningarminja

### 16.4 Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð

#### 16.4.1 Lýsing

Lög um verndarsvæði í byggð voru samþykkt á Alþingi 13. júlí 2015 og tóku gildi 24. júlí sama ár. Markmið laganna er að stuðla að vernd og varðveislu byggðar sem hefur sögulegt gildi. Með „verndarsvæði í byggð“ er í skilningi laganna átt við afmarkaða byggð með varðveislugildi sem nýtur verndar samkvæmt ákvörðun ráðherra á grundvelli laganna.

Samkvæmt 4. grein laganna skal sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum meta hvort innan staðarmarka sveitarfélagsins sé byggð sem hafi slíkt gildi hvað varðveislunni og menningarsögu varðar, ásamt listrænu gildi, að ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð. Þá skal sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum, endurmeta þau verndarsvæði sem fyrir eru í sveitarfélaginu með tilliti til þess hvort auka eigi við þau eða breyta mörkum þeirra að öðru leyti. Sinni sveitarstjórn ekki þessum skyldum um mat á gildi byggðar getur ráðherra falið Minjastofnun Íslands að meta gildi byggðar innan staðarmarka sveitarfélagsins og hvort ástæða sé til að útbúa tillögu til ráðherra um að hún verði gerð að verndarsvæði í byggð.

Samkvæmt 6. grein laganna skal sveitarstjórn tryggja að allar framkvæmdir innan verndarsvæðis í byggð samrýmist svipmóti og hinni vernduðu menningarsögu á viðkomandi verndarsvæði.

Samkvæmt 7. grein laganna er sveitarfélögum heimilt að setja sér samþykkt um frekari vernd svipmóts byggðar en mælt er fyrir um í ákvörðun ráðherra. Slík samþykkt getur lotið að formgerð húsa, afstöðu þeirra innbyrðis og rýmismyndun, stærðarhlutföllum, byggingarstíl, lit, áferð og efnisvali ytra byrði húsa auk sambands byggðar og náttúrulegs umhverfis innan verndarsvæða í byggð sem samþykktin tekur til. Getur slík samþykkt tekið til verndarsvæðis í heild eða að hluta.

#### 16.4.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Löggin mynda grunn fyrir ákvarðanir um varðveislunni svipmóts byggðar. Sótt var um slíka verndun fyrir byggðarheildina í Flatey. Þar með styrkir minjavernd uppgerð húsa eða byggðarinnar í heild.

#### 16.4.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Engin bein tengsl.

## 17. Viðmið EarthCheck

### 17.1 Viðmið sem EarthCheck setja

#### 17.1.1 Gerð sameiginlegrar stefnu sveitarfélaga

EarthCheck setja þá skilmála að sveitarfélögin sem vinna að því að fá vottun frá EarthCheck skuli hafa sameiginlega stefnu. Stefnan skal endurskoðuð árlega og samþykkt af sveitarfélögum sem vottað er með undirskrift.

#### 17.1.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Mikilvægt þar sem vottun fæst ekki nema atriði sé framkvæmt.

#### 17.1.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Bein tengsl við verkefnið

## Viðmið EarthCheck

### 21.2 Viðmið sem EarthCheck setja

#### 21.2.1 Framkvæmdarráð og skilyrði sem EarthCheck setja varðandi það.

Starfrækt skal vera framkvæmdarráð og skal það samþykkja það verklag sem unnið er eftir.

#### 21.2.2 Mikilvægi fyrir starfsemi sveitarfélaganna á Vestfjörðum

- Mikilvægt þar sem vottun fæst ekki nema atriði sé framkvæmt.

#### 21.2.3 Tengsl við verkefni, vörur eða ferla

- Bein tengsl við verkefnið þar sem framkvæmdarráð samþykkir skipurit er varðar vinnslu verkefnis. Samþykkir Grænt teymi sem starfar með verkefnastjóra í verkefninu.

<b>18. Tafla yfir lög, reglugerðir og stjórnvaldsfyrirmæli</b>	
<b>Titill</b>	<b>Verkefni, vara eða ferlar sem lög in varða</b>
1. Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál	Engin bein tengsl Hér gætu sveitarfélög sett sér markmið.
2. Raforkulög nr. 65/2003	Engin bein tengsl
3. Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun	Engin bein tengsl
4. Vatnalög nr. 15/1923	Engin bein tengsl
5. Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga	Engin bein tengsl
6. Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála	Engin bein tengsl
7. Reglugerð nr. 410/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga	Uppsetning rennslismæla Skipulögð lekaleit
8. Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum	Engin bein tengsl
9. Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar	Verndaráætlun fyrir Breiðafjörð 2007-2017
10. Skipulagslög nr. 123/2010	Tengjast flestum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga
11. Mannvirkjalög nr. 160/2010	Tengjast flestum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga
12. Náttúruverndarlög nr. 60/2013	Tengsl við ýmis verkefni
13. Auglýsing nr. 96/1975 um friðland í Vatnsfirði	Ekki tilgreint
14. Auglýsing nr. 103/1975 um náttúruvætti í Surtarbrandsgili	Ekki tilgreint
15. Auglýsing nr. 395/1975 um friðland í Flatey og endurskoðun 2015	Ekki tilgreint
16. Auglýsing nr. 425/1977 um friðlýsingu Hríseyjar í Reykhólahreppi	Ekki tilgreint
17. Auglýsing nr. 332/1985 um friðland á Hornströndum	Ekki tilgreint
18. Auglýsing nr. 348/1986 um friðlýsingu Dynjanda	Ekki tilgreint
19. Lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála	Tengjast flestum verkefnum vestfirskra sveitarfélaga
20. Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum	Engin bein tengsl
21. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir	Sjá umfjöllun um reglugerðir
22. Lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum	Engin bein tengsl
23. Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði	Engin bein tengsl
24. Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir	Úttekt á hávaða og mengunarvörnum
25. Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða	Engin bein tengsl
26. Byggingarreglugerð nr. 112/2012	Engin bein tengsl
27. Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda	Engin bein tengsl

28. Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns	Sveitarfélögin á Vestfjörðum hafa það leiðarljósi að yfirborðsvatn á Vestfjörðum sé ómengað.
29. Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ	Áætlun um framkvæmdir til að uppfylla íslenska reglugerð um fráveitur og skólþ Heildstætt átak í fráveitumálum til að uppfylla íslenska reglugerð um fráveitur og skólþ
30. Reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri	Engin bein tengsl
31. Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn	Sjálfbærnisvísir um vatnsgæði
32. Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs	Sjá umfjöllun um reglugerðir
33. Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs	Kortlagning á uppruna, magni og afdrifum úrgangs
34. Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs	Kortlagning á uppruna, magni og afdrifum úrgangs
35. Efnalög nr. 61/2013	Úttekt á geymslu olíu og annarra umhverfisskaðlegra efna Kynning á vistvænum vörnum gegn meindýrum og illgresi
36. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar	Aukin skráning menningarminja á Vestfjörðum
37. Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð	Engin bein tengsl
38. Lög nr. 106 / 2003 um mat á umhverfisáhrifum	Sveitarfélög taka ákvörðun um það hvort ákveðnar framkvæmdir sem ekki eru skyldugar til að fara í mat á umhverfum skuli hlíta þessum lögum. Markmiðið er að lágmarka áhrifin og gefa almenningi kost á samráði
39. Lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða	Fulltrúar frá viðkomandi sveitarfélögum eru tilnefndir í svæðisráð um þetta skipulag og þurfa að huga að ýmsum lögum um hollustuvernd, úrgangsmál, eldi ofl í þessu starfi.
40. Reglugerð nr. 477/2017 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara. um merkingar	Hluti ESS samnings með nákvæmum ákvæðum um merkingar og innihald lífrænna vara
41. Reglugerð nr 878/12014 um sævivörur	Á þessari reglugerð um notkun eiturs og eiturefna af öllu tagi hefur tekið gagnagerum breytingum á undanförunum árum. Umhverfisstofnun og MAST eru eftirlitsaðilar. Þessi reglugerð snertir illgresisneyða, skordýraeitrun, meindýraeitur, eitur notuð við ræktun, förgun o.s.frv.. Kemur beint inn á innkaup og verslun sem og vinnu í áhaldahúsum.



## 19. Lagaskrá

Starfsemi sveitarfélaga er háð fjölmörgum lögum, reglugerðum og reglum, meðal annars um stjórnábyrgð og um framkvæmd einstakra þátta í lögbundinni eða valkvæðri starfsemi þessa stjórnábyrgðstígs. Á sama hátt þurfa einstök fyrirtæki í ferðaþjónustu að fara eftir ákveðnum lögum og reglum og hafa leyfi fyrir starfsemi sinni. Slík leyfi er ýmist veitt af stofnunum ríkisins eða sveitarstjórnarmanna.

Eftirfarandi listi er ekki tæmandi en hér fara helstu lög um starfsemi sveitarfélaga eru eftirfarandi:

Vatnalög nr. 15/1923 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1923015.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1923015.html</a>	Lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997138.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997138.html</a> (Falla úr gildi 1. janúar 2017)
Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 <a href="http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1944033.html">http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/1944033.html</a>	Lög nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998005.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998005.html</a>
Lög nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1986006.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1986006.html</a>	Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998007.html</a>
Lög nr. 36/1988 um lögreglusamþykktir <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1988036.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1988036.html</a>	Lög nr. 44/1998 um húsnæðismál <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998044.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998044.html</a>
Lög nr.21/1990 um lögheimili <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1990021.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1990021.html</a>	Áfengislög nr. 75/1998 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998075.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1998075.html</a>
Lög nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1991040.html</a>	Lög nr. 125/1999 um málefni aldraðra <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999125.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1999125.html</a>
Lög nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992059.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992059.html</a>	Lög nr. 75/2000 um brunavarnir <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000075.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000075.html</a>
Stjórnábyrgðslög nr. 37/1993 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html</a>	Lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000106.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000106.html</a>
Lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fugladrögum og villtum sjávardögum <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994064.html</a>	Lög nr. 135/2001 um <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001135.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001135.html</a>
Lög nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995004.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995004.html</a>	Barnaverndarlög nr. 80/2002 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002080.html</a>
Lög nr. 53/1995 um stuðning við framkvæmdir sveitarfélaga í fróðlegum útlendinga <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995053.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995053.html</a>	Lög nr. 96/2002 um útlendinga <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002096.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002096.html</a> (Falla úr gildi 1. janúar 2017)
Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html</a>	Lög nr. 162/2002 um úrvinnslugjald <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002162.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002162.html</a>
Lög nr. 85/1997 um umboðsmann Alþingis <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997085.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/1997085.html</a>	Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003055.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003055.html</a>

<p>Hafnalög nr. 61/2003 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003061.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003061.html</a></p> <p>Raforkulög nr. 65/2003 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003065.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003065.html</a></p> <p>Barnalög nr. 76/2003 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2003076.html</a></p> <p>Lög nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004032.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004032.html</a></p> <p>Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og strandlaga <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004033.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004033.html</a></p> <p>Ábúðarlög nr. 80/2004 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004080.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004080.html</a></p> <p>Jarðalög nr. 81/2004 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004081.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2004081.html</a></p> <p>Lög nr. 73/2005 um skipan ferðamála <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2005073.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2005073.html</a></p> <p>Lög nr. 23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006023.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006023.html</a></p> <p>Lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006105.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006105.html</a></p> <p>Lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006116.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006116.html</a></p> <p>Lög nr. 153/2006 um gatnagerðargjald <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006153.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006153.html</a></p> <p>Lög nr. 40/2007 um heilbrigðisþjónustu <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007040.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007040.html</a></p> <p>Æskulýðslög nr. 70/2007 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007070.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007070.html</a></p> <p>Vegalög nr. 80/2007 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007080.html</a></p> <p>Lög nr. 84/2007 um opinber innkaup <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007084.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007084.html</a></p> <p>Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahöllum <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html</a></p>	<p><a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html</a></p> <p>Lög nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html</a></p> <p>Lög nr. 75/2008 um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008075.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008075.html</a></p> <p>Lög nr. 82/2008 um almannavarnir <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008082.html</a></p> <p>Lög nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008087.html</a></p> <p>Lög nr. 90/2008 um leikskóla <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008090.html</a></p> <p>Lög nr. 91/2008 um grunnskóla <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html</a></p> <p>Lög nr. 92/2008 um framhaldsskóla <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html</a></p> <p>Lög nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2009009.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2009009.html</a></p> <p>Skipulagslög nr. 123/2010 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html</a></p> <p>Lög nr. 160/2010 um mannvirki <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010160.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2010160.html</a></p> <p>Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011036.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011036.html</a></p> <p>Lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingar-áætlun <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011048.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011048.html</a></p> <p>Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011138.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2011138.html</a></p> <p>Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012055.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012055.html</a></p> <p>Lög nr. 70/2012 um loftslagsmál <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012070.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012070.html</a></p>
---	---

<p><a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012070.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012070.html</a></p> <p>Lög nr. 80/2012 um menningarminjar <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html</a></p> <p>Upplýsingalög nr. 140/2012 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012140.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2012140.html</a></p> <p>Lög nr. 60/2013 um náttúruvernd <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html</a></p> <p>Efnalög nr. 61/2013 <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013061.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013061.html</a></p> <p>Lög nr. 40/2015 um meðferð elds og varnir gegn gróðurveldum <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015040.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015040.html</a></p> <p>Lög nr. 87/2015 um verndarsvæði í byggð <a href="http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015087.html">http://www.althingi.is/lagas/nuna/2015087.html</a></p>	<p>Lög nr. 20/2016 um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum <a href="http://www.althingi.is/altext/145/s/1051.html">http://www.althingi.is/altext/145/s/1051.html</a></p> <p>Lög nr. 52/2016 um almennar íbúðir <a href="http://www.althingi.is/altext/145/s/1437.html">http://www.althingi.is/altext/145/s/1437.html</a></p> <p>Lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur <a href="http://www.althingi.is/altext/145/s/1468.html">http://www.althingi.is/altext/145/s/1468.html</a> (Taka gildi 1. janúar 2017. Þá falla úr gildi lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur)</p> <p>Lög nr. 80/2016 um útlendinga <a href="http://www.althingi.is/altext/145/s/1467.html">http://www.althingi.is/altext/145/s/1467.html</a> (Taka gildi 1. janúar 2017. Þá falla úr gildi lög nr. 96/2002 um útlendinga)</p>
--	---

#### 24. hluti: Lagaskrá (framhald)

Auk framan skráðra laga um starfsemi sveitarfélaga er starfsemi þeirra háð fjölmörgum reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna. Mörg þeirra laga sem hér hafa verið talin upp gilda jafnframt, eftir því sem við getur átt, um starfsemi einstakra ferðaþjónustufyrirtækja og athafnir ferðaþjónustunnar í heild. Auk þess má í þessu sambandi nefna eftirtalin lög:

Lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1980046.html>

Umferðarlög nr. 50/1987

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1987050.html>

Lög nr. 80/1994 um alferðir

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994080.html>

Lög nr. 145/1994 um bókhald

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1994145.html>

Lög nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001073.html>

Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2002006.html>

Samkeppnislög nr. 44/2005

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2005044.html>

Lög nr. 55/2013 um velferð dýra

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2013055.html>

Auk framan skráðra laga er starfsemi og athafnir ferðaþjónustunnar háð fjölmörgum reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna, svo og starfsleyfum af ýmsu tagi. Þar má nefna leyfi frá samgöngumálaráðuneytinu til að reka ferðaskrifstofu, leyfi sýslumanns til veitingareksturs, vínveitingaleyfi og starfsleyfi heilbrigðiseftirlits og Vinnueftirlits.